

Alþingi
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

SA/

Rvk. 29.11.2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga stéttarfélög og vinnudeilur, 5. mál lausir kjarasamningar, 128. löggjafarþing 2002-2003.

Í frumvarpinu er lagt til að tekin verði upp ný regla um gildistöku launahækkana og annarra kjarabóta skv. kjarasamningum. Reglan verði sú að séu kjarasamningar lausir lengur en sex mánuði skuli upphafshækkun launaliða og önnur atriði sem bæta kjör launþega þegar kjarasamningur kemst á virka aftur til helmingss þess tíma sem liðinn er án nýs kjarasamnings. Við hverja tvo mánuði sem bætast við án kjarasamnings færast gildistaka upphafshækkunar aftur um einn mánuð. Eftir tólf mánuði eða meira með lausa kjarasamninga gildir umsamin hækkun frá því að samningurinn féll úr gildi. Óheimilt verði að semja um annan upphafsgildistíma, nema því aðeins að launþegum verði greidd eingreiðsla.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi og er endurflutt nú. Samtök atvinnulífsins sendu inn umsögn um frumvarpið þann 15.4. 2001 og þar sem lýst var andstöðu við frumvarpið og mæla enn og aftur gegn samþykkt þess. SA mótmæla enn fremur þeim hugsunarhætti, sem fram kemur í tillögunni, að það sé hlutverk löggjafans að hlutast til um efnisinnihald kjarasamninga með þessum hætti. Varðandi afturvirkni gildistöku kjarasamning gildir að einkafyrirtæki á markaði verðleggja vörur sínar á grundvelli þess kostnaðar sem liggur fyrir í samkeppni við önnur fyrirtæki, innlend og erlend. Fyrirtæki í samkeppni geta ekki sent viðskiptavinum sínum reikninga fyrir afturvirkum kostnaðarhækkunum. Þeir sem fara með skattlagningarvald leyfa sér það á stundum og eru slík vinnubrögð ámælisverð.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri